

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2127****2020/EES/26/36****frá 10. október 2019****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar hvaða dag tiltekin ákvæði tilskipana ráðsins 91/496/EBE, 97/78/EB og 2000/29/EB koma til framkvæmda (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 149. gr. og 3. mgr. 165. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 er komið á fót ramma um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi til að sannreyna að löggjöf Sambandsins um matvæli og fóður sé beitt með réttum hætti. Þessi rammur nær yfir opinbert eftirlit sem haft er með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 voru tilskipanir ráðsins 91/496/EBE ⁽²⁾ og 97/78/EB ⁽³⁾ felldar úr gildi frá og með 14. desember 2019. Með henni var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 ⁽⁴⁾ enn fremur breytt til að fella tilskipun ráðsins 2000/29/EB ⁽⁵⁾ úr gildi.
- 3) Til að koma í veg fyrir eyður í löggjöfinni á meðan beðið er eftir samþykkt á framkvæmdargerðum og framseldum gerðum, sem varða málefni sem um getur í 47. gr. (2. mgr.), 48. gr., 51. gr. (b-, c- og d-liður 1. mgr.), 53. gr. (a-liður 1. mgr.), 54. gr. (1. og 3. mgr.) og 58. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) 2017/625, er í reglugerð (ESB) 2017/625 kveðið á um að viðkomandi ákvæði í tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB og tilskipun 2000/29/EB skuli gilda áfram til 14. desember 2022 eða til fyrri dagsetningar sem framkvæmdastjórnin ákvarðar. Að því er varðar tilskipun 2000/29/EB skal slík fyrri dagsetning vera eftir þann dag þegar reglugerð (ESB) 2017/625 kemur til framkvæmda.
- 4) Framseld gerð, sem gildir um opinbert eftirlit á öðrum eftirlitsstöðum en landamæraeftirlitsstöðvum, hefur verið samþykkt skv. a-lið 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þessi gerð gildir frá og með 14. desember 2019. Að því er varðar flokka sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar, kemur hún þó ekki til framkvæmda fyrr en frá og með 14. desember 2020. Þess vegna ættu samsvarandi ákvæði í tilskipun 2000/29/EB að gilda áfram til 13. desember 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 111. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56).

(3) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjtið. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).

(5) Tilskipun ráðsins 2000/29/EB frá 8. maí 2000 um verndarráðstafanir gegn því að inn í Bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan Bandalagsins (Stjtið. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1).

- 5) Framkvæmdargerð, sem gildir um tíðni á sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi við komu dýra og vara inn í Sambandið, hefur verið samþykkt skv. 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þessi gerð gildir frá og með 14. desember 2019. Að því er varðar flokka sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem um getur í c-lið 1.mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar, kemur hún þó ekki til framkvæmda fyrr en frá og með 14. desember 2022. Þess vegna ættu samsvarandi ákvæði í tilskipun 2000/29/EB að gilda áfram til 13. desember 2022.
- 6) Auk þess hefur verið samþykkt framkvæmdargerð skv. a-lið 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 þar sem tekin er saman skrá yfir dýr og vörur sem skulu falla undir kerfisbundið opinbert eftirlit við komu þeirra inn í Sambandið. Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 ⁽⁶⁾ var samsettu afurðum bætt við þá flokka sem skal skrá. Kröfur varðandi komu slíkra vara inn í Sambandið, sem voru fastsettar í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽⁷⁾, gilda þó ekki fyrr en frá og með 21. apríl 2021. Núgildandi kröfur fyrir samsettar afurðir munu gilda áfram til 20. apríl 2021. Þess vegna er þörf á umbreytingarráðstöfunum að því er varðar ákvæði í tilskipun 97/78/EB sem gilda um málefni sem um getur í a-lið 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 sem tengjast samsettu afurðum.
- 7) Framkvæmdargerðir, sem gilda annars vegar um að taka saman skrá yfir vörur sem falla undir tímabundið aukið opinbert eftirlit við komu þeirra inn í Sambandið og hins vegar um snið samræmds heilbrigðis- og innflutningsskjals, hafa verið samþykktar skv. b-lið 2. mgr.47. gr. og a-lið 58. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þessar gerðir gilda frá og með þeim degi þegar reglugerð (ESB) 2017/625 kemur til framkvæmda.
- 8) Framseldar gerðir, sem gilda um undanþágur frá opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um að koma á sérstökum reglum um umflutning og umfermingu, hafa verið samþykktar skv. 48. gr. og b-, c- og d-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þessar gerðir gilda frá og með þeim degi þegar reglugerð (ESB) 2017/625 kemur til framkvæmda.
- 9) Því er rétt að breyta reglugerð (ESB) 2017/625 til samræmis við það.
- 10) Þar eð reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari gerð eru tengdar innbyrðis og þeim verður beitt saman þykir rétt að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í mismunandi gerðum með mörgum millivísunum og hættu á tvítekningum.
- 11) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 og framseldu reglugerðirnar og framkvæmdarreglugerðirnar sem um getur hér að framan koma til framkvæmda frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) 2017/625

Reglugerð (ESB) 2017/625 skal breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 149. gr. kemur eftirfarandi:

„Viðeigandi ákvæði í tilskipunum 91/496/EBE og 97/78/EB, sem gilda um málefni sem um getur í 47. gr. (b-liður 2. mgr.), 48. gr., 51. gr. (b-, c- og d-liður 1. mgr.), 53. gr. (a-liður 1. mgr.), 54. gr. (1. og 3. mgr.) og 58. gr. (a-liður) þessarar reglugerðar, skulu gilda í stað samsvarandi ákvæða þessarar reglugerðar til 13. desember 2019.

Viðeigandi ákvæði í tilskipun 97/78/EB, sem gilda um málefni sem um getur í a-lið 2. mgr. 47. gr. þessarar reglugerðar sem tengjast samsettu afurðum, skulu gilda áfram í stað samsvarandi ákvæðis til 20. apríl 2020.“

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 frá 14. janúar 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar flokka sendinga sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4).

⁽⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 18).

2) Í stað 2. mgr. 165. gr. kemur eftirfarandi:

„Í tengslum við málefni sem tilskipun 2000/29/EB gildir um skulu 47. gr. (2. mgr.), 48. gr., 51. gr. (b-, c- og d-liður 1. mgr.) og 58. gr. (a-liður) þessarar reglugerðar gilda frá og með 15. desember 2019 í stað viðkomandi ákvæða þeirrar tilskipunar sem skulu falla úr gildi frá og með sama degi.

Viðeigandi ákvæði í tilskipun 2000/29/EB skulu gilda áfram, í tengslum við málefni sem a-liður 1. mgr. 53. gr. þessarar reglugerðar gildir um, í stað síðarnefnda ákvæðisins til 13. desember 2020.

Viðeigandi ákvæði í tilskipun 2000/29/EB skulu gilda áfram, í tengslum við málefni sem 1. og 3. mgr. 54. gr. þessarar reglugerðar gilda um, í stað síðarnefndu ákvæðanna til 13. desember 2022.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd þessarar reglugerðar

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
